

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit

301 Akranes

kt. 550399-2299

Símar: 4312740, 4312750, 8945030

Hvalfjarðarsveit, 4. júlí 2011.

Stjórnugrís hf.

Geir Gunnar Geirsson

Byggðarholti 20

270 Mosfellsbæ.

netf.: ggg@svinvirkar.is

Meðfylgjandi er endurnýjað starfsleyfi fyrir starfsemi Stjórnugríss hf. að Melum í Hvalfjarðarsveit.

Starfsleyfið er gefið út í kjölfar eftirfarandi samþykktar heilbrigðisnefndar frá 29. júní s.l.

„Samþykkt að gefa út fyrirbyggjandi starfsleyfi sem hefur tekið nokkrum breytingum frá auglýstu starfsleyfisdrögum. (sjá liði 1.4, 2.8, 2.9 og 2.13).

Framkv.stj. falið að ganga frá málinu og jafnframt að greina þeim aðilum sem sendu inn formlegar athugasemdir frá afgreiðslu stjórnar.“

Starfsleyfið hefur verið lengi í vinnslu enda gengið á ýmsu frá því að fyrra starfsleyfi átti að falla úr gildi síðla árs 2007.

Upphaflega var sótt um breytt starfsleyfi þannig að mestum hluta (blauthluti) svínamykju yrði dælt í sjó fram eftir skiljun. Það ferli tók langan tíma enda þurfti m.a. leyfi sveitarstjórnar vegna breytinga á skipulagi og byggingarleyfi.

Tillaga að starfsleyfi var síðan auglýst af hálfu heilbrigðisnefndar í byrjun árs 2010. Mikil andstaða var við tillöguna m.a. af hálfu umsækjanda.

Stjórnugrís hf. sótti síðan um endurnýjað starfsleyfi síðla árs 2010 sem byggði að mestu á sama grunni og fyrri umsóknir.

Starfsleyfið var samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldinn var 29. júní s.l. með nokkrum breytingum frá auglýstri starfsleyfistillögu. Er þar komið til móts við nokkrar athugasemdir sem bárust við auglýsta tillögu.

Bent skal sérstaklega breytingar á gr. 1.4., 2.8., 2.9. og 2.13. í starfsleyfinu.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára með þeim ákvæðum að það skuli endurnýja á fjögurra ára fresti að jafnaði. Ennfremur ber að endurskoða starfsleyfið ef breytingar verða á rekstri.


HeV vill að gefnu tilefni benda á að fyrirtækið skal árlega senda inn gögn vegna græns bókhalds sbr. reglugerð nr. 851/2002 og gr. 4.3. í starfsleyfi.

Þá vill HeV benda á að skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og 3. gr. reglugerðar nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar skal fyrirtækið taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR

Í samræmi við samþykkt heilbrigðisnefndar frá 29. júní s.l. verður þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við starfsleyfistillöguna sent starfsleyfið og efni bréf þessa.


Bent skal á að ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis má kæra til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna sbr. 32. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllst,


frankv. stj. heilbrigðiseftirlits

Fylgiskjal:

Endurnýjað starfsleyfi fyrir Stjörnugrís hf. að Melum



Starfsleyfi

til að starfrækja: Pauleldi á fráferugrísun allt að 8000 stæðum

Nafn fyrirtækis: Stjörnugrís hf.

Heimilisfang: Melar, Hvalfjarðarsveit

Póstnúmer: 301 Akranes

Kennitala: 600667-0179

Sími: 566 6110

Rafpóstur: ggg@svinvirkar.is

Fullt nafn rekstraraðila: Geir G. Geirsson

Heimilisfang: Byggðarholti 20

Póstnúmer: 270 Mosfellsbæ

Kennitala: 240271-4199

Sími: 566 8895

Útgáfudagur leyfis: 29. júní 2011

Gildir til: 29. júní 2023


Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og öðrum reglugerðum sem gilda um starfsemi á hverjum tíma svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um rekstrarleyfi fer skv. lögum sem landbúnaðarráðherra setur.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hvalfjarðarsveit 29. júní 2011



Fylgiskjal með starfsleyfi

fyrir svínabú Stjörnugríss hf. að Melum, Hvalfjarðarsveit

1. Um starfsleyfið

- 1.1 Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Starfsleyfið skal endurskoða á 4 ára fresti að jafnaði. Einnig skal endurskoða starfsleyfið ef:
 - a. breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
 - b. fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hættu sem ekki var áður ljós.
 - c. gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gildir um reksturinn.
- 1.2 Starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.3 Leyfið gildir fyrir þaueldi á fráfarugrísnum (≥ 30 kg), þar til þeir ná sláturstærð, í svínahúsum, þar sem ekki skulu hýstir fleiri en 8000 grísir samtímis.
- 1.4 Leggist starfsemin niður skal fjarlægja öll dýr úr húsunum og rekstrarúrgang ásamt spilliefnum. Úrgangi skal skilað til viðeigandi móttökustöðva sem hafa til þess starfsleyfi. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hættu stafi ekki af þeim.
- 1.5 Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal öllum starfsmönnum kynnt ákvæði þess. Rekstraraðili fyrirtækisins er ábyrgur fyrir því að það starfi samkvæmt starfsleyfi sbr. viðurlög í VIII kafla laga nr. 7/1998.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

- 2.1. Beita skal aðgerðum til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum vegna starfseminnar. Yfirbragð svínabúsins skal vera snyrtilegt, mannvirkjum vel við haldið og ekkert geymt á lóð þess óviðkomandi rekstrinum. Rekstraraðila er skylt að gæta að eftirfarandi, sbr. ákvæði greinar 12.3 í reglugerð nr. 785/1999:
 - a) að orka sé vel nýtt,
 - b) að dregið verði með skipulegum hætti úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar,
- 2.2. Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni (BAT) við reksturinn eftir því sem hún verður tiltæk, með eðlilegum aðlögunartíma fyrir fyrirtækið. Starfsreglur um góða búskaparhætti sem Umhverfisstofnun gefur út skulu hafðar til viðmiðunar.
- 2.3. Frárennsli frá salernum skal fara um rotþró og síubeð. Búnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.
- 2.4. Hættuleg efni og efni sem verða að spilliefnum skal geyma og meðhöndla af sérstakri varúð. Leifum og úrgangi menguðum af slíkum efnum skal skila til viðurkenndrar móttökustöðvar. Starfsmenn skulu þekkja sérstaklega til þessara efna og skulu upplýsingar um efnin ávallt vera starfsmönnum nærtækar.
- 2.5. Olíutankar eða -geymar skulu búnir lekavörn. Leiðslur frá þeim mega ekki bjóða upp á sjálfrennsli og á krönum skal vera læsingarbúnaður.
- 2.6. Alla svínamykju sem verður til við starfsemina skal nýta sem áburð. Vegna förgunar á svínamykju sem menguð er salmonella skal fylgt leiðbeiningum heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 2002 og reglum Matvælastofnunar.

- 2.7. Safnþræð fyrir svínamykju skulu rúma a.m.k. 6 mánaða birgðir.
- 2.8. Safnþræð skulu yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim út í umhverfið. Frestur til að byggja yfir þræðnar er veittur til 1. maí 2013.
- 2.9. Dreifing á mykju skal fara fram á tímabilinu 15. mars - 1. júní og 1. september - 1. nóvember ár hvert. Tekið skal mið af vindátt við dreifinguna þannig að hún valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum. Aldrei skal dreifa áburði á frosna jörð eða gegnblautu. Heilbrigðisnefnd Vesturlands er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef nauðsyn ber til, þó aldrei lengur en viku í senn og aðeins ef aðstæður eru heppilegar til dreifingar. Undanþáguheimildir gilda aðeins til dreifingar mykju á virkum dögum (mánudaga kl. 7.00 - föstudags kl. 14.00).
- 2.10. Dreifing skal miðast við hámark 170 kg nitur (N) /ha/ár. Fylgjast ber með köfnunar-efnisinnihaldi skítsins og dreifa í samræmi við þetta.
- 2.11. Sé mykju dreift á ógróið land skal það gert í samráði við sveitarstjórn og samkvæmt leiðbeiningum frá Landgræðslunni.
- 2.12. Bannað er að dreifa mykju á fjörur. Einnig er bannað að dreifa beint í læki, vötn eða skurði. Þá skal gætt ákvæða reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- 2.13. Stefnt skal að því að fella svínamykju ofan í svörðinn þar sem hægt er. Forðast skal úðamyndun við áburðardreifingu. Niðurfelling áburðar skal hefjast eigi síðar en 1. maí 2013.
- 2.14. Bundið slitlag með niðurfalli skal vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram.

3. Úrgangur

- 3.1. Öll brennsla á hvers kyns úrgangi eða sorpi frá starfsemi er óheimil.
- 3.2. Hirða á sorpi og öðrum úrgangi af hvaða tagi sem er skal vera regluleg og engu safnað upp þannig að óþrif hljótist af.
- 3.3. Hættulegum efnum og spilliefnum s.s. lyfjaleifum, sprautunálum, rafgeymum og úrgangsolíu sem falla til við starfsemi skal haldið aðskildum frá öðru sorpi og skilað reglulega til aðila sem hafa starfsleyfi til að taka á móti þannig úrgangi. Halda skal eftir kvittun frá þeim aðila til staðfestingar á skilum.
- 3.4. Hræ skulu færð til endurvinnslu eða urðuð hjá fyrirtækjum sem hafa til þess starfsleyfi.
- 3.5. Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í æti frá búinu.

4. Innra eftirlit

- 4.1. Fyrirtækið geri eftirlitsaðila fullnægjandi grein fyrir á hvern hátt beitt sé bestu fáanlegu tækni og starfsreglum um góða búskaparhætti við rekstur búins.
- 4.2. Fyrirtækið skal halda til haga upplýsingum um:
 - a) Tæmingu á flórum/haughúsum.
 - b) Dreifingu á mykju (dagsetningu, hvar dreift, magn og vindátt).
 - c) Eftirlit og viðhald mengunarvarnabúnaðar.
 - d) Mengunarslys af öllu tagi.
 - e) Kvartanir vegna starfsemi búins.
 - f) Staðfestingu á móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs.
- 4.3. Fyrirtækinu ber að halda grænt bókhald sbr. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

5. Helstu lög og reglugerðir sem starfsemi varða og rekstraraðilar uppfylli

- a) Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum..
- b) Lög meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Reglugerð nr. 737/2003.

- c) Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999, með síðari breytingum.
- d) Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, með síðari breytingum.
- e) Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

6. Ýmis skilyrði

- 6.1 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Þetta á líka við ef úrgangur er mengaður af salmonella eða sambærilegum örverum.
- 6.2 Almennigur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila. Heilbrigðisnefndarmönnum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
- 6.3 Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins og afhenda sýni endurgjaldslaust.
- 6.4 Fyrirtækinu ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og kynningu á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er fyrirtækinu einnig skylt að greiða fyrir þær.

Hvalfjarðarsveit 29. júní 2011



A blue circular stamp with the text "HEILBRIGÐISEFTIRLIT" at the top and "VESTURLANDS" at the bottom. A handwritten signature in blue ink is written across the center of the stamp.